



Efni: Heimild til að hefja þróun á Hverfasjá og millilagi fyrir auðguð gögn úr landupplýsingakerfi.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, í samvinnu við umhverfis og skipulagssvið, að hefja þróun á Hverfasjá Reykjavíkur og millilagi fyrir auðguð gögn úr landupplýsingakerfi. Hverfasjanni er ætlað að bæta aðgengi að upplýsingum og einfalda málsmeðferð umsókna vegna byggingar- og skipulagsmála. Millilag fyrir auðguð gögn úr landupplýsingakerfi er mikilvægur þáttur í framtíðarhorfum Hverfasjár.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 og tilheyrir verkefnaklössum 80014 Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla og 80019 Upplýsinga- og gagnastýring. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2024 til desember 2024. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun er 40.464.000 kr. á kostnaðarstað 2102-80014 Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla og 25.152.000 kr. á kostnaðarstað 2102-80019 Upplýsinga og gagnastýring. Kostnaðurinn tilheyrir eignasjóði.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Fyrsta útgáfa af hverfasjá var opnuð 15. nóvember 2019, samhliða því að fyrsta hverfisSKIPULAGIÐ í Árbæ tók gildi. Opnun hverfasjár var hluti af markmiðum Reykjavíkurborgar um að bæta aðgengi að upplýsingum og einfalda málsmeðferð umsókna vegna byggingar- og skipulagsmála. Árlega berast byggingar- og skipulagsyfirvöldum í Reykjavík þúsundir umsókna, auk ógrynni tölvupósta og símtala, en hverfasjá var opnuð til að bæta afgreiðslu slíkra erinda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 á allt skipulag á Íslandi þ.m.t. hverfisSKIPULAG, sem er deiliskipulag í grónum hverfum, að vera orðið aðgengilegt á stafrænu formi 1. janúar 2025. Hverfasjá er ætlað að veita grunnupplýsingar um hverfisSKIPULAG í þeim hverfum þar sem hverfisSKIPULAG hefur tekið gildi. Þar á að vera hægt að finna upplýsingar um alla þætti hverfisSKIPULAGSINS; forsendur og greiningar á hverfum, stefnu og helstu áherslur, skipulagsskilmála og leiðbeiningar um hvernig á að útfæra skilmála. Einnig eru upplýsingar um hvernig eigi að sækja um leyfi til framkvæmda, en eitt af markmiðum nýrrar hverfasjár er að hún geti auðveldað íbúum að gera breytingar og viðbætur á eignum sínum ásamt því að fá upplýsingar um hvaða möguleikar eru í boði.

Klára þarf vinnu við hverfasjá svo hún þjóni tilgangi sínum, en núverandi lausn er brotin og þar sem varan var þróuð utanhúss og skrifuð í tækniumhverfi sem ekki er notað af hugbúnaðarsérfræðingum Reykjavíkurborgar þá er skilvirkast að byrja frá grunni og skrifa hverfasjána innanhúss og í þeim tæknistakk sem Reykjavíkurborg nýtir. Liggur nú þegar fyrir ítarleg greining og hönnunarfrumgerð að hverfasjá er nú þegar tilbúin. Varan er þar að leiðandi tilbúin til þess að fara beint í þróun. Ávinningurinn af þróun nýrrar hverfasjár er margvíslegur, en lausnin myndi minnka álag á bæði sérfræðinga umhverfis- og skipulagssviðs sem og starfsfólk þjónustuvers Reykjavíkurborgar. Einnig skapar lausnin verðmæti fyrir húseigendur með aðgengilegri upplýsingum.

Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar er öflugur gagnagrunnur en þegar kemur að birtingu frekari gagna ofan á landupplýsingagögn, líkt og hverfasjá er ætlað að framkvæma, eru ýmsar takmarkanir. Reykjavíkurborg notar og birtir landupplýsingar víða með auka upplýsingum sem ekki eiga heima í landupplýsingakerfi, svo sem ljósmyndum, vefslóðum, pdf skjölum og texta. Með millilagi fyrir gögn úr landupplýsingakerfinu er hægt að hengja slíkar upplýsingar á hnitsetta hluti í landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar. Þannig skapast aukalegur ávinningur með smíði millilags samhliða þróun hverfasjár. Millilagið getur einfaldað viðhald hverfasjár og skilar það sér í tímasparnaði starfsfólks. Hægt verður að nota millilagið ekki einungis fyrir hverfasjá heldur einnig fyrir allar lausnir Reykjavíkurborgar sem fela í sér að birta upplýsingar á korti.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun er 40.464.000 kr. á kostnaðarstað 2102-80014 Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla og 25.152.000 kr. á kostnaðarstað 2102-80019 Upplýsinga og gagnastýring. Kostnaðurinn tilheyrir eignasjóði.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga